

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 328/1994.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Birgi Ara Hilmarssyni

(Tryggvi Gunnarsson hrl.)

Líkamsmeiðing af gáleysi. Sakarkostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði málinu til Hæstaréttar með yfirlýsingu 19. apríl 1994 og krefst sýknu af öllum kröfum ákærvalds. Af hálfu ákærvalds var málinu skotið til Hæstaréttar með stefnu 24. júní 1994 til þyngingar refsingu.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Í vottorði Jóns Gunnars Hannessonar læknis, dagsettu 12. október 1994, er greint frá því, að Hilmar Pétur Foss, sem varð fyrir verulegum líkamsmeiðslum í slysi því, er mál þetta snýst um, og nánar er lýst í héraðsdómi, hefur fengið mikla endurhæfingarmeðferð, allt frá því að hann komst til meðvitundar eftir slysið. Þurfi hann á áframhaldandi sérhæfðri endurhæfingarmeðferð að halda, bæði vegna heilskaða og stórfelldra mjaðmaráverka, er hann hlaut. Þótt hann hafi þegar náð undraverðum bata, sé ljóst, að hann mun aldrei ná fullri heilsu eftir hinn alvarlega áverka.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þar virðist á því byggt, að slysið hafi orðið í beinu framhaldi þess, er vitnin Albert Tómasson og Ómar Norðdahl sáu bátinn, er ákærði stjórnaði, sigla út úr Kópavogshöfn. Af hálfu ákærða var við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti lagt fram kort með markaðri siglingaleið eftir frásögn hans. Samkvæmt því var eftir siglinguna um höfnina siglt í sveig inn á Kópavog, síðan út fyrir Arnarnes og inn á Arnarnesvog og þaðan aftur í átt að Kársnesi, án þess að siglt væri aftur inn í Kópavogshöfn, en slysið varð þar rétt fyrir utan. Hafi því liðið nokkur tími,

frá því að vitnin sáu til siglingar bátsins út úr Kópavogshöfn, þar til slysið varð. Rannsókn málsins í héraði var ekki markviss um þetta atriði, og ber að leggja frásögn ákærða um þetta til grundvallar.

Óumdeilt er, að Hilmar Pétur Foss var með samþykki ákærða fyrir framan stjórnþúlt bátsins. Vitni hafa borið, að ekki sé venjulegt að hafa farþega þar. Kom þannig fram í framburði Mikæls R. Ólafssonar, starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins, að bátar sem þessi séu hannaðir með það í huga, að farþegar sitji aftarlega, þar sem bátarnir höggvi mikið framanvert. Engin sérstök handfesta er þar, en ákærði kvaðst hafa strengt fangalínu bátsins, sem fest er við stefni hans, yfir gúmmíblöðruna stjórnborðs megin og á ská yfir bátinn í handfang, sem er á móts við horn stjórnþúltsins bakborðs megin. Slík handfesta hlýtur að teljast ófullnægjandi, þegar litið er til þess, sem segir í skýrslu starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins um áhrif beygju á mann, er þarna situr.

Þá er staðfest það mat héraðsdóms, að það hafi verið óvarlegt af ákærða að vera aðeins einn í bátnum með 8 börn, einkum þegar haft er í huga, að hann átti þess kost að hafa annan umsjónarmann með sér um borð, en í minni bátnum voru tveir leiðbeinendur og einn aðstoðarmaður, en þar voru aðeins 3 börn.

Við mat á ákæruefni málsins ber að hafa í huga, að ákærði var forstöðumaður siglinganámskeiðsins og leiðbeinandi barna þeirra, sem með honum voru í bátnum. Á honum hvíldu þannig sérstakar skyldur til aðgæslu og eftirlits. Einnig verður að líta til þess, að umræddur bátur gat að ýmsu leyti verið varhugaverður við flutning á hópi barna, enda gerð hans miðuð við önnur hlutverk, eins og fram kemur í niðurstöðu héraðsdóms. Var því þörf mikillar varúðar við stjórn hans og stöðugar umsjónar með börnunum.

Að öllu þessu athuguðu verður staðfest sú niðurstaða hins áfrýjaða dóms, að ákærði hafi sýnt af sér gáleysi umrætt sinn, svo að varði við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður niðurstaða dómsins um refsingu ákærða einnig staðfest, þó þannig, að frestur til greiðslu sektar ákveðst fjórar vikur frá uppkvaðningu dóms þessa.

Með hliðsjón af 1. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála þykja ekki efni til að gera mun á málsvarnarlaunum og saksóknarlaunum í héraði. Ber því að dæma ákærða til greiðslu

120.000 króna í saksóknarlaun í héraði, en að öðru leyti er málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfest.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Ari Hilmarsson, greiði 80.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest að öðru leyti en því, að ákærði skal greiða 120.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Ég er að öllu leyti samþykkur atkvæði annarra dómenda um efni málsins svo og um áfrýjunarkostnað.

Af yfirliti um sakarkostnað í héraði, sem gefið var út fyrir hönd héraðsdómara samkvæmt 3. mgr. 168. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, verður helst ráðið, að virðisaukaskattur af málsvarnarlaunum hafi átt að vera innifalinn í þeirri fjárhæð, sem tiltekin var í hinum áfrýjaða dómi, en þess sjást engin merki í dómnum sjálfum. Hvað sem því líður, er það sýnilegt, að meðferð málsins á fyrsta dómstigi var að mörgu leyti vandasöm og kallaði á ýtarlega umfjöllun af hálfu verjanda í samanburði við það, sem við þurfti sóknar megin eftir undirbúning ákæru. Slysið, sem er tilefni málsins, var af sjaldgæfum toga og ekki tengt atvinnustarfsemi, sem háð er opinberum reglum, og farartæki siglingaklúbbsins var ekki talið skráningar- eða skoðunarskylt. Var og ekki ákært fyrir brot á lagareglum eða stjórnvaldsfyrirmælum, er taka mætti beint mið af um athafnir og aðstöðu ákærða, heldur einvörðungu samkvæmt

hinu almenna ákvæði hegningarlaga um líkamstjón af gáleysi. Öflun upplýsinga um málsatvik var ýmsum vanda bundin, og eins var um mat á þeim hagsmunum, sem á reyndi. Ætla verður, að héraðsdómari hafi litið til þessa við ákvörðun málflutningslauna ásamt því að gæta þess, sem almennt á við um stöðu saksóknara og verjanda. Tel ég ekki næg efni til að breyta niðurstöðu hans, og eigi hún að vera óröskuð.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 24. mars 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. mars sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara 9. nóvember 1993 á hendur Birgi Ara Hilmarssyni, Lindarhvammi 11, Kópavogi, kt. 050664-7249, „fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi með því að hafa þriðjudaginn 13. júlí 1993, er ákærði var leiðbeinandi hjá siglingaklúbbum Ými í Kópavogi og stjórnandi báts af gerðinni Avon Searider, 5,46 metra að lengd, sýndi ekki nægilega varkárni, er hann sigldi með 8 börn í kringum 10 ára aldur, þátttakendur á námskeiði siglingaklúbbsins Kópaness, sem ákærði veitti forstöðu, um Fossvog, Kópavog og fyrir Arnarnes og þar í sveig og aftur til baka, en á heimleið vestan við Kársnes skammt utan hafnargarðs Kópavogshafnar, er ákærði tók sveig á bakborða, féll útbyrðis Hilmar Pétur Foss, fæddur 15. desember 1983, en hann hafði ekki handfestu og lenti í vélarskrúfu bátsins og hlaut alvarlega höfuðáverka, kviðarholsáverka og djúpa skurði á fótum og var um tíma í lífshættu.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Samkvæmt sakarvottorði hefur ákærði ekki sætt refsingu.

Af hálfu ákærða er gerð sú krafa, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds og sakarkostnaður, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, verði greiddur úr ríkissjóði.

Málavextir.

Þriðjudaginn 13. júlí 1983 voru börn á vegum siglingaklúbbsins Ýmis í Kópavogi í sjóferð á harðbotna gúmbát (slöngubát) með utanborðsmótor. Vestan við Kársnes, skammt utan hafnargarðs Kópavogshafnar, varð það slys, að drengurinn Hilmar Pétur Foss, fæddur 15. desember 1983, féll útbyrðis og fór í skrúfu vélarinnar. Ákærði var leiðbeinandi á námskeiðinu og forstöðumaður þess. Hann stjórnaði bátnum umrætt sinn.

Siglingafélagið Ýmir er félag siglingamanna í Kópavogi og aðili að Íþróttasambandi Íslands. Mun Kópavogskaupstaður eitthvað styrkja starfsemina. Á sumrin stendur félagið fyrir hálfis mánaðar námskeiðum fyrir

börn á aldrinum 7–13 ára. Námskeiðin eru fyrir hádegi og kosta 2.600,00 kr. fyrir barn. Á námskeiðinu læra börnin aðallega að róa árabátum og sigla seglskútum. Þá var það einnig liður í þessum námskeiðum að fara einu sinni út á voginn í skemmtiferð á slöngubát, sem siglingaklúbburinn Ýmir á og rekur.

Umrætt sinn var lagt af stað frá siglingaklúbbnum að Vesturvör í Kópavogi og siglt út á Fossvog og út fyrir Kársnes og að Arnarnesi. Þar var tekinn sveigur og snúið við heim á leið. Gott veður var og sléttur sjór. Í öryggisskyni var ávallt farið á tveimur bátum, og voru oftast þrír leiðbeinendur með í för, en fleiri leiðbeinendur unnu ekki á námskeiðinu. Í þetta sinn fór einnig með unglingspiltur, Jónas Karl Þorvaldsson, en hann hafði verið fenginn að láni um tíma úr unglingavinnunni í Kópavogi. Átta börn voru í slöngubátnum, sem er stærri og hraðskreiðari en gúmbáturinn, sem á eftir fylgdi.

Ákærði stjórnaði slöngubátnum, og var Jón Karl með honum á útleið, en fór yfir í hinn bátinn, áður en haldið var til baka. Í minni bátnum voru leiðbeinendurnir Sigríður Guðmundsdóttir og Anna Karen Jørgensdóttir ásamt þremur börnum.

Bátarnir voru á heimleið, og sigldi ákærði inn í Kópavogshöfn til að sýna börnunum skútur, er þar voru. Slysið varð í nokkurra mínútna siglingu frá Kópavogshöfn.

Siglingamálastofnun ríkisins skoðaði bátinn, og er honum svo lýst, að hann sé 5,46 m á lengd og 2,02 m á breidd. Vélin er 75 hestöfl. Bátnum er stýrt frá stjórnþúlti, sem er framan til í miðjum bátnum. Við stjórnþúltið er stjórnteki vélarinnar, stýri og ádrepari. Frá stjórnþúlti og aftur að vél fyrir miðju er sæti eða bekkur, sem hægt er að sitja á, svokallaður hnakkur. Báturinn er með flothólf, sem skipt er í fimm hluta, og er hver eining sjálfstæð. Mælt frá gólfi að efri brún lofthólfs fyrir framan stjórnþúlt er hæðin 62 cm, en hinn slasaði sat þar. Báturinn er 10 ára gamall, en vel við haldið að mati Siglingamálastofnunar. Innan á bátnum eru fjögur handföng og ofan á lofthólfunum lykkjur, sem halda má sér í. Fyrir framan stjórnþúlt, þar sem Hilmar Pétur Foss sat, eru engin handföng.

Í áverkavottorði Arons Björnssonar, lækni á heila- og taugaskurðlækn-ingadeild Borgarspítala, frá 16. ágúst segir m. a.:

„Fyrsta aðgerð á slysadeild var að tryggja góða og eðlilega loftvegi, og rannsóknir fyrst á slysadeild og síðan á röntgendeild og skurðstofu leiddu í ljós, að sjúklingur hafði fyrir utan mikinn og alvarlegan höfuðáverka, þar sem var stór skurður ofan við vinstra eyra, 10 sm langur. Höfuðkúpubrot þar undir og meiðsl á heila, þar sem sást í heilavef í sárinu. Einnig var

Hilmar með mikinn áverka á neðanvert vinstra kviðarhol, mjaðmagrind og vinstri rassvöðva. Fyrsta skoðun benti einnig til þess, að hann væri með minnkaðan kraft í hægri útlimum. Vinstri ganglim átti hann erfitt með að hreyfa, vafalaust vegna verkja í áðurnefndum sárum kringum vinstri mjaðmarhluta.

Þó svo að Hilmar hafi gengið mjög vel fyrstu dagana hér og útskrifist beint heim til sín og í frekari endurhæfingu svo hvað varðar hreyfigetu í byrjun september og þó svo að líkurnar á því, að hann komi til með að ná sér mjög vel, verður ekki endanlega úr því skorið fyrir en að einu eða jafnvel 1½ ári liðnu, þar sem þessi meiðsl geta hugsanlega haft truflandi áhrif á framtíð hans, hvað varðar skólagöngu og að tileinka sér upplýsingar í námi. Þannig gæti þetta hugsanlega haft veruleg áhrif á líf hans í framtíðinni.

Að öðru leyti tel ég líklegt að hann komi til með að ná sér í öllum aðalatriðum vel.“

Ákærði skýrði svo frá hjá lögreglu og fyrir dómi, að 8 börn hefðu verið í bát sínum. Ekki hefði staðið til, að Jón Karl færi með, en hann hefði komið um borð á síðustu stundu. Börnunum hefði verið raðað þannig, að tvö sátu á botninum fyrir framan stjórnþúltið, og var Hilmar stjórnborðs megin, eitt sat í hnakknum fyrir aftan ákærða, en hin til hliðar, þannig, að þau sátu á botni bátsins og skorðuðu sig af með því að snúa baki í borðstokkinn eða lofthólfin og spyrna sér í hnakkinn. Þau börn gátu einnig haldið sér í lykkjur ofan á lofthólfunum og handföng innan á bátnum. Fangalínan, sem er föst í annan enda í stafn bátsins, lá laus í bátnum að sögn ákærða í lögregluskýrslu. Fyrir dómi taldi ákærði, að hann hefði verið búinn að binda fangalínuna fasta í hinn endann, þannig að hún væri strekkt. Ákærði kveðst hafa brýnt fyrir drengjunum tveimur, sem í stafni sátu, að halda í fangalínuna. Hilmar Pétur Foss var annar þeirra. Einnig gátu þeir haldið í stjórnþúltið. Öll börnin voru í björgunarvestum. Brýnt var fyrir börnunum, áður en lagt var af stað, að ekki mætti standa upp eða hreyfa sig um set, þegar á sjó væri komið, og þau þyrftu öll að halda sér fast.

Ákærði kvaðst oftast vera eini leiðbeinandinn í stærri bátnum. Ekki hefði verið talin þörf á, að tveir væru saman. Mikil ásókn hafi jafnan verið hjá börnunum í að fara í stærri bátinn og yfirleitt að fara í þessa ferð, þótt hún hefði ekki verið fastur liður á námskeiðinu. Hafi börnunum þótt spennandi að sigla í slöngubátnum og oftast hvatt sig til að sigla hraðar.

Er slysið varð, telur ákærði, að hraði hafi verið um 20 hnútar, en við góðar aðstæður kemst báturinn upp í 40 hnúta. Báturinn var á plani, þ. e., þá liggur hann hátt í sjó og ryður vel frá sér. Hann hægði síðan ferðina til að

bíða eftir hinum bátnum og beygði síðan á stjórnborða. Hann telur sig hafa verið á um 10 hnútum, er hann beygði. Hann tók góða vinstri beygju, en ekki krappa beygju. Báturinn hallaðist aðeins inn í beygjunni, þ. e. á bakborða.

Ákærði kveðst ekki gera sér fullkomlega grein fyrir því, hvernig það atvikaðist, að Hilmar féll útbyrðis. Hann sá hann í sjónum og sló strax af bensínjöfina og setti í hlutlaust. Stuttu síðar kom högg á skrífu bátsvélarinnar, og sá hann þá drenginn aftan við bátinn, liggjandi á grúfu. Hann kastaði sér í sjóinn og kom Hilmari fyrir í minni bátnum og sigldi að landi. Síðan hljóp hann upp á Hafnarbraut og bað menn þar á verkstæði að hringja á sjúkrabifreið.

Ákærði kvaðst vera með réttindi á 30 tonna báta. Hann hefur sótt leiðbeinendanámskeið á vegum siglingaklúbbsins, mörg námskeið í hjálp í viðlögum og farið á slysavarnaskóla. Hann hefur auk þess stundað siglingar í mörg ár.

Albert Tómasson, f. 29. janúar 1928, Aratúni 36, Garðabæ, á hraðbát, sem var á hjólakerru uppi á brautinni við endann á aðalbryggjunni í Kópavogi. Hann stóð uppi á bátnum og hafði gott útsýni yfir höfnina. Ómar Norðdahl kom akandi og stansaði við hliðina á bátnum. Tóku þeir tal saman. Í þann mund komu tveir slöngubátar, hann minnti frekar tveir en einn, úr áttinni frá Fossvogi og að hafnarmynninu. Bátarnir komu á fullri ferð, líklegast um 20 mílna ferð, inn um hafnarmynnið og hægðu ekki á sér, fyrr en þeir voru komnir inn undir flotbryggjuna inni í höfninni. Þá var slegið af. Þeir Ómar ræddu sín á milli um, að um glannalega ferð væri að ræða, sérstaklega þar sem börn voru í öðrum bátnum.

„Og mér þótti þetta mjög háskaleg sigling öll. Svo erum við að tala þarna saman, og þá sé ég, að bátarnir og með hljóðum, að þeir fara af stað inni í höfninni og fara á fulla ferð aftur út hafnarmynnið, og ég horfi á þetta, og þar sem ég stend uppi í bátnum og annar báturinn með börnin tekur mjög krappa vinstri beygju á fullu plani eða fullum hraða við endann á hafnargarðinum, þegar hann kemur út úr hafnarmynninu, og beygjan er það kröpp, að ég sé ofan í botninn á bátnum, og þetta hafði það mikil áhrif á mig, að ég sé ennþá bátinn fyrir mér, þar sem hann er í þessari kröppu vinstri beygju fyrir hornið, og síðan hvarf hann fyrir endann á hafnargarðinum, og ég sá hann ekki meira.“

Stuttu síðar sáu þeir minni bátinn koma á hægri siglingu í fjörunni fyrir neðan með hinn slasaða um borð. Albert sagði jafnframt fyrir dómi:

„Allt háttarlag þess, sem stjórnaði þessum slöngubát, var vítavert,

vítaverður glannaskapur að mínum dómi, og ég hef átt báta í 20 ár, ég hef verið flugstjóri í áratugi og verið í stjórn og stofnandi Landssambands smábátaeigenda og formaður öryggismálanefndar Landssambands smábátaeigenda og á núna hraðbát, sem ég hef átt í 6–7 ár og þekki þetta mjög vel, og ég myndi segja það, að þessi framkoma þess, sem var þarna í slöngubátum, að öll framkoman, hún hefði verið, sýndi vítaverðan glannaskap.“

Ómar Norðdahl, f. 13. ágúst 1956, Hraunbraut 15, Kópavogi, hefur verið stýrimaður og skipstjóri á fiskiskipum og flutningaskipum og einnig starfað við smábátaútgerð. Hann tók undir orð Alberts, að um glannalega siglingu hefði verið að ræða. Siglt hefði verið með kröppum beygjum og inngjöfum. Þegar siglt var út úr höfninni, hefði báturinn lyft sér upp úr sjónum, eins og hraðbátar gera, þegar hratt er siglt. Við þær aðstæður sé báturinn kominn á 12–14 mílna ferð.

Hilmar Pétur Foss, f. 15. desember 1983, Hafnarstræti 11, Reykjavík, minnir, að hann hafi setið vinstra megin í stafni. Hann sagði, að hann hefði haldið einhvern veginn í bátinn, en ekki handfang eða band. Hann kvað ákærða hafa tekið nokkrar rosalega krappar beygjur, og í einni hefði hann dottið útbyrðis beint yfir sig. Hann kvaðst hafa setið á hnjónum og hallað sér upp að borðstokknum (lofthólfinu) og haldið þannig í blöðruna.

Baldur Hrafn Gunnarsson, f. 8. janúar 1983, Miðstræti 3 A, Reykjavík, sat frammi í stafni við hlið Hilmari. Hann kvaðst hafa setið vinstra megin, en Hilmar hægra megin. Hann hélt í landfestina. Báturinn hefði farið nokkrar beygjur, en ekki svo krappar. Þegar Hilmar féll útbyrðis, hefði verið tekin kröpp beygja og mjög hratt. Hann hélt, að bátum myndi hvölfa, og var að missa takið.

Sturla Þór Friðriksson, f. 10. maí 1983, Miðstræti 8 A, Reykjavík, sat á hnakknum fyrir aftan ákærða. Hann hélt, að ákærði hefði tekið nokkrar beygjur, en ein verið kröpp og Hilmar þá dottið útbyrðis. Hann hefði sjálfur dottið af hnakknum í þessari beygju. Hann hefði dottið á strák, sem heitir Elvar, og Elvar kallað til ákærða, að einn hefði dottið útbyrðis.

Björgvin Sigurðsson, f. 27. nóvember 1981, Furugrund 56, Kópavogi, sat til hliðar í bátum. Hann sagði ákærða hafa tekið nokkuð krappa beygju, en þeir hefðu beðið hann um að gera það. Hann hélt, að Hilmar hefði haldið sér í band og verið á hnjónum á gólfi bátsins.

Davíð Sigurðsson, f. 8. október 1985, Vesturgötu 73, Reykjavík, sat í bátum stjórnborðs megin. Hann kvað Hilmar Pétur hafa verið með annan fótinn uppi á lofthólfinu og haldið í band.

Framburður þeirra Alberts Tómassonar og Ómars Norðdahl var borinn

undir ákærða og leiðbeinendurna Sigríði Guðmundsdóttur og Önnu Karen Jörgensdóttur. Þau voru öll sammála um, að þau hefðu ekki siglt hratt inn í höfnina. Hámarkshraði væri þar 3 mílur og hefðu þau varla farið hraðar. Höfnin sé lítil og þröng og verði að sýna aðgát, þegar siglt er inn í hana, svo að öldugangur verði ekki þess valdandi, að skútur og bátar, sem þar eru bundnir saman, verði fyrir skemmdum. Ákærði hefði átt skútu í höfninni, og sé ólíklegt, að hann hafi hætt á, að hún skemmdist.

Niðurstöður.

Fram hefur komið í málinu, að um léttan bát er að ræða með aflmikla vél. Hann er einkum ætlaður til björgunarstarfa, en síður til skemmtisiglinga með börn. Að mati sérfræðinga þarf töluverða reynslu til að stýra honum. Báturinn er kvikur í hreyfingu, og þegar afturendi hans færist úr stað í beygjum, verkar miðflóttaafli á þann, sem í stafni stendur.

Sannað þykir í málinu með framburði vitnanna Alberts Tómassonar og Ómars Norðdahl, að ákærði sigldi nokkuð óvarlega miðað við, að börn voru í bátnum. Kemur það heim og saman við framburð barnanna sjálfra, að hratt var siglt og nokkrar krappar beygjur teknar. A. m. k. féll einn drengjanna af hnakknum í beygjunni, er Hilmar Pétur féll útbyrðis. Sýnir það glögglega, að óvarlega var farið miðað við, að börnin voru laus í bátnum. Þá er einnig fram komið í málinu, að hættulegt gat verið að hafa farþega frammi í stafni. Þar er ekki trygg handfesta, aðeins fangalína, sem ákærði kveðst hafa bundið fasta. Þar heggur báturinn mest, og er ekki venja að hafa börn þar.

Þá verður að telja, að óvarlegt hafi verið hjá ákærða, sem var umsjónarmaður námskeiðsins, að vera einn með 8 börn í bátnum. Alkunna er, að börn á þessum aldri hlýða ekki alltaf fyrirmælum út í ystu æsar. Það þarf ekki ætíð að stafa af óhlýðni, heldur einungis af því, að í augnabliksathugaleysi bregðast þau öðruvísi við en fullorðnir myndu gera við sömu aðstæður. Því er ekki nóg að gefa ákveðin fyrirmæli, þegar börn eiga í hlut, heldur verður að fylgjast með, að eftir þeim sé farið, sérstaklega í umgengni við hættuleg tæki.

Ákærði gat ekki fylgst nægilega vel með öllum börnunum 8, sem sátu allt í kringum hann, meðan á siglingu stóð. Enda gerðist slysið, er ákærði var að beygja og var með hugann við það og sá því ekki, er Hilmar Pétur féll útbyrðis. Telja verður, að til að gæta alls öryggis hafi verið nauðsynlegt, að tveir leiðbeinendur væru í bátnum.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað í málinu, að ákærði var einn á siglingu með 8 börn á aldrinum 7–11 ára í léttum gúmbát með öflugra vél, sem að áliti sérfræðinga þarf að stjórna með sérstakri varúð. Hann bar ábyrgð á,

hvar börnin sátu í bátnum og að þau hefðu tryggja handfestu. Hann samþykkti, að Hilmar Pétur, sem þá var 9 ára og líklega um 30 kg á þyngd, sæti fremst í bátnum, þar sem ekki er ætlast til, að setið sé, og lítil sem engin handfesta. Með vísan til alls þessa þykir sannað, að ákærði hafi ekki sýnt nægilega varkárni í umræddri sjóferð og með saknæmu gáleysi sínu orðið þess valdandi, að drengurinn Hilmar Pétur Foss féll útbyrðis með þeim afleiðingum, sem að framan er lýst. Hefur ákærði með háttsemi þessari brotið gegn ákvæðum 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar þarf að hafa hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert athæfi.

Í málflutningi lýsti fulltrúi saksóknara yfir, að ákærvaldið teldi ekki skilyrði til þyngri refsingar en sektar. Refsing ákærða þykir hæfileg 80.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist inna 4ra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 20 daga.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 120.000,00 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 kr.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Birgir Ari Hilmarsson, greiði 80.000,00 kr. í sekt til ríkissjóðs innan 4ra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tryggva Gunnarssonar hrl., 120.000,00 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000,00 kr.